

Nd. 44. Frumvarp til laga

um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl.

Flm.: Jakob Möller, Sigurður Kristjánsson, Héðinn Valdimarsson, Jóhann G. Möller.

1. gr.

Gagnvart útlendingum, sem landvistar- og atvinnuleyfi hafa um takmarkaðan tíma, eða þeim mönnum, er ástæða er til að ætla, að dvelji hér aðeins takmarkaðan tíma eða eru á förum af landi burt, án þess þó að ákvæði 29. gr. 2. tölul. laga um útsvör, nr. 106 1936, nái til þeirra, en hafa fasta atvinnu, skal haga innheimtu tekju-skatts til ríkis og útsvars til bæjar- eða sveitarfélaga svo sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Sé dvöl aðilja hér á landi svo löng, að hún skapi honum útsvars- eða skattskyldu, ber kaupgreiðandi hans fulla ábyrgð á greiðslu þessara gjalda, svo sem um hans eiginn skatt eða útsvar væri að ræða (sbr. þó 4. og 7. gr.).

Gagnvart þeim aðiljum, sem ekki hafa takmarkað dvalar- eða atvinnuleyfi, kem-

ur þó ábyrgð kaupgreiðanda því aðeins til greina, að innheimtumenn skatts eða útsvars tilkynni honum, að hann verði gerður ábyrgur.

3. gr.

Til tryggingar ábyrgð þeirri, er í 2. gr. getur, skal kaupgreiðanda heimilt að halda eftir af kaupum útsvars- eða skattgreiðanda, frá því að útsvars- eða skattskylda skapast, allt að 20% af launum, ef um einhleypan mann er að ræða, en allt að 15%, ef fjölskyldumaður á í hlut.

4. gr.

Nú þykir sýnt, að minna nægir en í 3. gr. er ákveðið, til að fullnægja skatt- og útsvarsgreiðslum gjaldanda. Getur þá gjaldandi snúið sér til hlutaðeigandi niðurfjöfnunarnefndar og skattanefndar (skattstjóra) og farið fram á, að þær geri tillögur um, hve miklu skuli haldið eftir af kaupum hans til að standast téðar greiðslur ákveðið útsvars- og skattár. Þegar þessir aðiljar hafa gert sínar tillögur, fellur niður ábyrgð kaupgreiðanda á þeim skatt- og útsvarsgreiðslum, sem umfram kunna að vera þá upphæð, sem haldið er eftir samkv. tillögnum, enda hafi kaupgreiðandi skýrt rétt frá málavöxtum.

5. gr.

Jafnskjótt og skattur og útsvar gjaldanda hafa verið ákveðin, skal kaupgreiðanda skylt að endurgreiða gjaldanda það, sem of mikið kynni að hafa verið haldið eftir af kaupum skatt-(útsvars)ársins.

6. gr.

Kaupupphæð þá, sem kaupgreiðandi heldur eftir af kaupum gjaldanda, skal honum skylt að ávaxta með venjulegum bankainnlánsvöxtum, þar til greiðslur hafa farið fram í ríkis- og bæjar- eða sveitarsjóð eða endurgreiðslur til gjaldanda sjálfs.

7. gr.

Nú nægir upphæð sú, sem heimilt er samkvæmt lögum þessum að halda eftir af kaupum gjaldanda, ekki til þess að ljúka skatt- og útsvarsgreiðslum einhvers gjaldanda, og ber þá kaupgreiðandi einnig ábyrgð á þeirri upphæð, sem á vantar, sbr. þó niðurlag 4. gr. Þessi ábyrgð fellur þó burtu, ef kaupgreiðandi tilkynnir innheimtumönnum ríkis og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags brottför gjaldanda svo fljótt sem auðið er, og eigi seinna en 2½ mánuði áður en hana ber að höndum.

8. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt og laga um útsvör, eftir því sem á við.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það eru talsverð brögð að því, a. m. k. í Reykjavík, að útlendingar, sem dvelja hér við atvinnu, komast hjá skatt- og útsvarsgreiðslum samkvæmt gildandi lögum um þessi efni. Fer það oft mjög eftir því, hvenær árs gjaldandi hverfur héðan.

Ef svo er, að gjaldandinn fer héðan af landi burt áður en útsvars- eða skattálagningu er lokið, og reyndar ef hann fer áður en útsvar eða skattur fellur í gjald-daga, reynist ókleift að innheimta gjöldin, enda þótt enginn vafi geti leikið á um gjaldskylduna.

Með frv. er ætlazt til, að skattheimtumönnum ríkissjóðs og sveitarfélaga verði gert nokkuð hægara um vik að innheimta persónulega skatta hjá þeim gjaldendum, er frv. nær til. Flm. er ljóst, að ákvæði frv. eru engan veginn tæmandi. En þar sem ætla má, að á lögum um útsvör verði gerðar gagngerðar breytingar áður en mörg ár líða — en það er einkum vegna útsvarsinnheimtu, að frv. er flutt —, þykir flm. rétt að reyna nokkuð þá aðferð, sem frv. gerir ráð fyrir, og má síðan, er ný útsvars-lög verða sett, hafa nokkra hliðsjón af reynslu, er fæst af frv., ef það verður að lögum.